

Samningur

um umsjón og rekstur búsvæðis tjarnaklukku (*Agabus uliginosus*) á Hálsu, Djúpavogshreppi

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Djúpavogshreppur, kt. 570992-2799 gera með sér samning um umsjón og rekstur búsvæðis tjarnaklukku (*Agabus uliginosus*) á Hálsu, Djúpavogshreppi í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er búsvæði.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur búsvæðis tjarnaklukku (*Agabus uliginosus*) á Hálsu í Djúpavogshreppi sé í samræmi við lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, og reglur hins friðlýsta svæðis samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu búsvæðisins.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðis koma fram í hnittöflu og uppdrætti af svæðinu sem fylgja með þessum samningi, sbr. fylgiskjal 1.

4. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Djúpavogshrepp og aðra hagsmunaaðila skal vinna að gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Umsjón og landvarsla.

Djúpavogshreppur sér um daglega umsjón og rekstur búsvæðisins. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Ef ráðinn er landvörður fyrir búsvæðið skal viðkomandi uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar vegna útgáfu fræðsluefnis skal samið hverju sinni.

7. gr.

Bann við röskun jarðmyndana og lífríkis.

Rask á jarðmyndunum þ.m.t. efnistaka og hverskonar áletranir eru óheimilar á verndarsvæðinu nema í sérstökum undantekningartilvikum og að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Sama gildir um framkvæmdir sem haft geta í för með sér truflun og/eða eyðileggingu á búsvæði tjarnaklukku svo sem framræsla eða annað jarðrask, breyting á rennsli vatns og vatnsborðshæð. Jafnframt er önnur mannvirkjagerð óheimil á verndarsvæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Við mat á hvort leyfi skuli veitt skal Umhverfisstofnun meta hvort hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999 sbr. einnig markmiðs friðlýsingar þessarar og verndaráætlun fyrir hið friðlýsta svæði. Leita skal álits sérhæfðra stofnana og annarra aðila við leyfisveitinguna eftir því sem við á.

Framkvæmdir sbr. 1. mgr. eru einnig háðar framkvæmda- eða byggingaleyfi Djúpavogshrepps eins og nánar greinir í lögum um skipulag og mannvirki.

Framkvæmdir eru einnig háðar framkvæmda- eða byggingaleyfi Djúpavogshrepps eins og nánar greinir í skipulagslögum, nr. 123/2010 og lögum um mannvirki, nr. 160/2010.

8. gr.

Skipting kostnaðar.

Djúpavogshreppur kostar laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar á búsvæðinu. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

9. gr.

Skýrslugerð.

Djúpavogshreppur skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi á búsvæðinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand lands, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi búsvæðið.

10. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsingu búsvæðisins, 30. gr. laga um náttúruvernd og verndaráætlun svæðisins.

11. gr.

Gildistími.

Gildistími samnings þessa er 5 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra.

12. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.

13. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.

Djúpavogi, 13. janúar 2011

F.h. Umhverfisstofnunar

F.h. Djúpavogshrepps

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Gauti Jóhannesson
Sveitarstjóri

Staðfesting umhverfisráðherra

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Vottar:

Fylgiskjal 1.

Tjarnir á Innri-Hálsum, búsvæði tjarnaklukk



Mörk verndarsvæðis eru miðuð við 120 m hæðarlínu úr IS-50 kortagrunni Landmælinga Íslands. Flatarmál mælist 1,46 ferkílómetrar (146 hektarar).



UMHVERFISSTOFNUN

UST 6. júlí 2010

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru dregin um 120 m hæðarlínu úr IS-50 kortagrunni Landmælinga Íslands utan um Hálsa, en mörk þess eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti. Heildarflatarmál svæðisins er 146 ha.